


Hafnarfjarðarkaupstaður  
Gunnþóra Guðmundsdóttir  
Strandgata 6  
220 Hafnarfjörður

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	13. 2. 2020
Málsnr:	1902456
Bréfal:	511

Reykjavík, 7. febrúar 2020  
Tilvísun: 201904014 / 3.2

## Efni: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi vegna stækkun íbúðarbyggðar ÍB8 á Ásvöllum

Hafnarfjarðarkaupstaður hefur, með erindi dags. 29. janúar 2020, sent Skipulagsstofnun til umsagnar tillögu að breytingu á aðalskipulagi.

Skipulagstillagan er sett fram á kortblaði dags. 13. janúar 2020 með uppdrætti í mkv. 1:15.000 og greinargerð.

Í breytingartillögunni felst að 0,7 ha íþröttasvæðisins ÍÞ3 breytist í íbúðarbyggð og sameinast íbúðarsvæði ÍB8.

Með erindinu bárust umsagnir frá Umhverfisstofnun dags. 18. júlí 2019 og Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis dags. 29. janúar 2020.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og bendir á eftirfarandi atriði sem þarf að lagfæra:

- Í greinargerð tillögunnar er sett fram tafla yfir íþröttasvæði úr aðalskipulagi. Skýrt þarf að koma fram að um sé að ræða töflu 12 eftir breytingu.
- Bent er á að ekki á við að vísa í gr. 4.4.1 þar sem hún fjallar um umhverfismat við gerð aðalskipulags, betur fer að taka fram að nánara umhverfismat verði gert á deiliskipulagsstigi.

Vegna fyrirspurnar varðandi matsskyldu framkvæmdarinnar þá telur Skipulagsstofnun að framkvæmdin falli undir lið 10.03 og sé því tilkynningarskyld til stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun getur staðfest aðalskipulagsbreytinguna þegar lagfærð og undirrituð gögn í fjórum eintökum hafa borist.

Jóhanna Hrund Einarsdóttir  
Jóhanna Hrund Einarsdóttir